

Þriðjudaginn 23. febrúar 1982.

Nr. 130/1979. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Halldóri Þ. Briem

og gagnsök.

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Frelsissherðing. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1979. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst aðaláfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi, útg. 20. september 1979, með stefnu 26. september 1979. Hinn 1. febrúar 1980 féll þingsókn niður af hans hálfu. Gagnáfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 26. febrúar 1980 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur gagnáfrýjanda eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 4.000.00 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur ríkissaksóknara verið stefnt til réttargæslu f. h. ríkissjóðs. Rétt var að stefna ríkissaksóknara til fyrirsvars f. h. ríkissjóðs, sbr. 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974. Ekki þykir þó ástæða til frávísunar málsins frá héraðsdómi, eins og máli er háttað.

Frelsissherðing sú, er gagnáfrýjandi sætti og lýst er í héraðsdómi, stóð lengur en efni voru til. Þykir gagnáfrýjandi eiga rétt til nokkurrar fóbótagreiðslu af þessum sökum samkvæmt 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi, þ. e. nú 600.00 nýkrónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, þ. e. 960.00 nýkrónur.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, 3.000.00 nýkrónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Þorvalds Lúðvikssonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.000.00.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að stefna hefði átt ríkissaksóknara til fyrirsvars fyrir ríkisvaldið í máli þessu, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, en ekki sé alveg næg ástæða til að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, þó að þessa væri ekki gætt og ríkissaksóknara einungis stefnt til réttargæslu.

Ég tel, að fallast beri á það með héraðsdómara, að lögreglumönnum hafi verið rétt að fjarlægja gagnáfrýjanda frá Mávahlið 37 og flytja hann á lögreglustöð og taka þar skýrslur af honum sjálfum og Soffiu Jónsdóttur.

Soffía gaf skýrslu fyrir lögreglu kl. 1330 sama dag, en gagnáfrýjandi sjálfur kl. 1700. Í lok þeirrar skýrslugjafar játaðist gagnáfrýjandi undir að láta Soffiu í friði framvegis

og ónáða hana hvorki með simhringingum né heimsókn-um. Verður ekki talið sannað, að gagnáfrýjanda hafi verið haldið lengur handteknum en réttmætt var, svo sem öllum atvikum var háttað. Tel ég samkvæmt því, að skilyrði bresti til að dæma gagnáfrýjanda fébætur úr hendi aðal-áfrýjanda samkvæmt ákvæðum 151. gr., shr. 150. gr., laga nr. 74/1974. Beri því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum sé rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Eg er sammála meiri hluta dómenda um laun talsmanns gagnáfrýjanda, er greiða beri úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 15. maí sl., höfðaði Halldór Þ. Briem, Hverfisgötu 91, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. mars 1979, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 400.000 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu svo og til réttargæslu ríkis-saksóknara.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfu og niðurfellingar málskostnaðar.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Í lögregluskýrslu á dskj. 3 kemur fram, að fimmtudaginn 1. apríl 1976 hafi verið hringt á lögreglustöðina í Reykjavík frá Mávahlíð 37 og óskað eftir aðstoð lögreglunnar vegna tveggja manna, er þar voru utan dyra. Þá er lögreglumenn komu á vettvang, voru tveir menn á tröppum hússins að Mávahlíð 37, og var annar þeirra stefnandi málsins. Hann sagði aðspurður, að þeir væru að leita að syni hans, sem væri sennilega eða hefði verið í þessu húsi eina nótt á síðastliðnu ári eða einhvern tíma

í september og Helgi Danielsson rannsóknarlögreglumaður væri með mál fyrir sig út af þessu. Í lögregluskýrslunni segir, að ekki hafi verið hægt að fá neitt samhengi í framburð stefnanda á þessu stigi og hafi lögreglan tekið mennina með þeirra samþykki og fært þá út í lögreglubifreiðina. Síðan hafi lögreglumaðurinn farið og haft tal af konu, sem stefnandi hafi sagst hafa verið að reyna að hafa samband við. Konan hafi opnað, strax er hún hafi séð lögregluna taka mennina, og hafi konan verið mjög miður sín og síðan fallið í grát. Eftir að konan hafði jafnað sig, hafi hún skýrt frá nafni sínu og síðan hafi hún skýrt svo frá, að maður þessi hefði ofsótt sig undanfarið og hefði hann komið og hringt dyrabjöllunni í sífellu núna áðan og í gær hefði hann komið tvisvar og einu sinni í fyrradag. Í öll skiptin hafi hún hringt á lögregluna, en honum hefði alltaf tekist að hlaupa í burtu og fela sig þangað til núna. Forsaga þessa máls væri sú, að í fyrra, eða fyrir u. þ. b. ári síðan, hefði hún hjálpað vangefnum dreng, sem hefði verið á flækingi við hús hennar. Hafi drengur þessi verið illa til reika, m. a. hafi fót hans verið blaut og hafi hann verið búinn að píssa í buxurnar og honum verið mjög kalt. Konan kvaðst hafa tekið drenginn inn og hlúð að honum og gefið honum að borða, en hann hafi verið mjög svangur. Síðan kvaðst konan hafa gert ráðstafanir til þess að láta vita um hann og þá haft samband við skólastjóra Höfðaskóla. Hann hafi bent henni á að hafa samband við lögregluna og hafi hún gert það. Lögreglan hafi síðan komið og tekið drenginn og komið honum fyrir á barnaheimilinu á Dalbraut. Eftir þetta kvaðst konan ekki hafa séð þennan dreng eða neitt vitað um hann frekar. Hins vegar hafi faðir hans, Halldór Þ. Briem, ekki linnt símahringingum til sín og upp á síðkastið hafi hann vanið komur sínar til sín. Konan kvaðst hafa talað við hann í sima og hafi hann þá ekki verið að tala um drenginn, heldur ruglað um hitt og annað og hafi sér ekki virst hann eðlilegur. Hún kvaðst óttast hann mjög nú orðið.

Í lögregluskýrslunni kemur fram, að með stefnanda hafi verið Karl Eiríksson, til heimilis að Rauðalæk 3, og að Soffía hafi sagt, að maður þessi hefði alltaf verið með Halldóri, er hann kom. Konan kvaðst aldrei hafa látið Halldór sjá sig, aðeins talað við hann um síma eða dyrasíma hússins.

Jafnframt segir í lögregluskýrslunni, að þeir stefnandi og Karl hafi verið færðir á lögreglustöðina fyrir aðalvarðstjóra,

Magnús G. Magnússon, og að boði hans hafi Karli verið leyft að fara, en stefnandi hafi verið fluttur til Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, sem muni hafa með þetta mál að gera.

Fram kom hjá stefnanda, þá er hann var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa, að hann hefði einu sinni hringt til Soffíu Jónsdóttur að Mávahlíð 37 og fjórum sinnum farið þangað, þar af þrisvar með Karli, það mun vera Carl Eiríksson. Stefnandi kvaðst ekki minnast þess að hafa farið þangað einn. Síðar kvaðst hann hafa farið einn þangað 29. mars 1976 til þess að spyrja um son sinn. En síðar kvaðst stefnandi ekki muna til þess að hafa farið þangað einn, en tók fram, að hann muni hafa farið þangað 4 eða 5 sinnum. Stefnandi kvaðst ekki þekkja Soffíu Jónsdóttur, aldrei hafa séð hana. Aðspurður um það, hvaða ástæðu stefnandi hafi til þess að ætla, að Soffía Jónsdóttir lokkaði til sín son stefnanda, svaraði stefnandi, að hann vissi ekki, hvaða ástæðu hún hefði, nema hún teldi, að hún hefði einhvern hag af því gagnvart félagsmálastofnuninni eða Reykjavíkurborg. Síðar svaraði hann á þá leið, „ekki nema þá að ég kæmist í vandræði með hann og að hann yrði tekinn af mér, vegna þess að ég vissi ekki, hvar hann væri.“ Stefnandi sagði, að Soffía þekkti konu, sem stefnandi var giftur, þessi kona sé ekki móðir sonar stefnanda, en henni hafi ekkert verið um drenginn gefið. Stefnandi kvaðst halda, að sonur sinn hefði nokkrum sinnum verið hjá Soffíu, þegar stefnanda vantaði son sinn, enda hafi Soffía viðurkennt fyrir Magnúsi Magnússyni lögregluvarðstjóra, að drengurinn hafi verið hjá sér stundum. Þetta hafi Magnús Magnússon lögregluvarðstjóri sagt við Carl J. Eiríksson 1. apríl 1976 og sé það til á hljóðritun.

Stefnandi kvaðst hafa verið í einangrunarklefa eitthvað á annan klukkutíma og hafi sér liðið þar mjög illa og verið með köfnunartilfinningu, innilokunarkennd og flökurleika og liðið alveg óskaplega illa, enda hafi hann aldrei verið lokaður inni áður. Síðan hafi stefnandi verið færður yfir í almenningssklefa, þar sem voru gluggar og hurðin látin standa opin. Stefnandi kvaðst ekki hafa sýnt neinn mótþróa niður á lögreglustöð.

Fram kom hjá stefnanda, að það hefði ekki síst valdið því, hve illa honum leið, þá er hann sat inni, að hann hafi ekki getað hringt neitt vegna drengsins, þegar hann kæmi úr skólabíl á Hlemmi, en drengurinn hafi komið á þeim tíma, sem stefnandi sat inni. Stefnandi hafi ekki verið leiddur fyrir neinn dómara.

Lögregluþjónarnir Magnús Ásgeirsson og Sveinn Hafberg (mun eiga að vera Hafdal samkvæmt upplýsingum stefnanda) hafi farið með stefnanda í fangaklefa.

Carl Eiríksson verkfræðingur var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Fam kom hjá Carli, að hann og stefnandi hefðu verið saman 1. apríl 1976 og hafi Carl farið með stefnanda sem vitni til þess að vera áheyrandi að samtali milli stefnanda og Soffíu Jónsdóttur af gefnu tilefni. Tilefni hafi verið það, að stefnandi hafi sagt sér, að þegar drengurinn hans hafi týnst nokkrum dögum áður, þá hafi hann farið til Soffíu til að grennslast fyrir um, hvort drengurinn væri þar, vegna þess, að drengurinn hefði stundum komið þangað og þá hafi stefnandi sagt sér, að Soffía hefði sagt við stefnanda, að hún ætlaði ekki að senda drenginn strax heim, ef hann kæmi til hennar, og ekki láta hann vita af því, að drengurinn hefði komið. Tilefnið hafi verið það að vita, hvort hún endurtæki þessi orð, og þá að hafa vitni að þeim orðum og jafnframt að taka þau upp á hljóðritun. Carl Eiríksson sagði, að til væri hljóðritun af öllu, sem fram fór 1. apríl, frá því að Soffía kom fyrst í dyrasímann, öllu, sem Soffía talaði, öllu, sem stefnandi talaði, og þegar lögreglan kom, öllu, sem lögreglan talaði við þá stefnanda, og því, sem þeir stefnandi tali við lögregluna, því, sem gerðist, eftir að þeir fóru inn í lögreglubílinn, því, sem talað var í lögreglubílnum á leið niður á stöð, og því, sem talað var inni hjá varðstjóra niðri á lögreglustöð, það sé allt á segulbandi.

Carl Eiríksson kvaðst ekki þekkja Soffíu Jónsdóttur, aldrei hafa séð hana. Carl var spurður að því, hvort hann vissi til, að sonur stefnanda hefði dvalið hjá Soffíu, og svaraði Carl því til, að hann hefði heyrt drenginn sjálfan segja frá því, að hann hafi verið hjá henni. Stefnandi hafi sagt sér það, að drengurinn hafi sagt frá því oft, að hann hefði verið hjá henni, þegar hann hefði týnst. Og það, sem meira sé, að á þessu umrædda segulbandi komi fram fullyrðingar Magnúsar Magnússonar varðstjóra, þar sem hann segir sjálfur inn á segulbandið, að Soffía hafi stundum tekið drenginn inn til sín. Vitnið Carl var spurður um, hvort hann vissi um einhverjar ástæður, sem Soffía Jónsdóttir ætti að hafa til þess að reyna að lokka son stefnanda til sín, og svaraði hann því til, að fyrrverandi kona stefnanda, Margrét Marinósdóttir, væri, að því er hann best vissi, kunningjakona Soffíu og dóttir Margrétar hafi verið og væri jafnvel enn skráð til heimilis í sama húsi og Soffía og þær þá trúlega vin-

konur líka, Soffía og dóttir Margrétar. Carl kvaðst líka halda, að Soffía væri vinkona Giesellu, sem reki fjölskylduheimili fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur að Ásvallagötu eða hafi gert, og allt þetta samband barna, það veki sterkar grunsemdir hjá vitninu um það, að Soffía kunni að hafa verið að vinna fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur á laun að því að láta fram koma skýrslur um Sturlu Briem, þar sem komi fram, að hann sé að tynast og hann finnist ekki og svo framvegis. Skýrsla, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur gæti notað síðar, m. a. til þess að taka drenginn frá stefnanda. Móðir barnsins hafi greinilega haft áhuga á því, að barnið yrði tekið frá föður sínum, hún hafi beinlínis farið fram á það, að drengurinn yrði tekinn af stefnanda. Carl sagði, að sér skildist ekki, að konan vildi hafa barnið sjálf, hún vildi bara koma honum fyrir hjá vandalausum.

Mánudaginn 2. apríl sl. kom Carl Eiríksson að nýju fyrir dóm vegna máls þessa. Þá lagði lögmaður stefnanda fram sem dskj. 20 endurrit af hljóðritun á spólu, sem síðar var lögð fram sem dskj. nr. 21. Carl Eiríksson gaf réttinum kost á að heyra hljóðritunina, sem dskj. 20 er endurrit af. Carl kvaðst hvorki hafa látið Soffíu né lögreglumennina vita, að samtölin væru hljóðrituð.

Soffía Jónsdóttir, Mávahlíð 37, var yfirheyrð hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hún kvaðst ekki þekkja stefnanda. Sonur stefnanda hafi einu sinni komið á heimili hennar og gæti hann hafa dvalið upp undir tvo tíma á heimili hennar, en þetta kvaðst hún ekki geta sagt nákvæmlega, það væri svo langt síðan. Soffía fullyrti, að stefnandi hefði komið sex sinnum að dyrunum hjá sér og í síma hafi hann ónáðað sig alveg óteljandi sinnum. Sérstaklega fyrst eftir að drengurinn dvaldi þetta eina skipti á heimili hennar. En tildrög þess hafi verið þau, að sonur Soffíu hafi komið með drenginn með sér og spurt, hvort drengurinn mætti bíða inni, því það væri enginn heima hjá honum. Soffía kvaðst hafa sagt drengnum, að hann ætti að fara heim, því það væri að koma matmálstími, drengurinn hafi sagt, að enginn væri heima, pabbi hans væri að rukka. Þá kvaðst Soffía hafa spurt um mömmu hans og drengurinn sagt, að hún væri dain. Þegar drengurinn kom upp, kvaðst Soffía hafa séð, að hann var illa tilhafður og mjög kaldur. Drengurinn hafi sagst heita Sturla. Soffía kvaðst engin svör hafa fengið hjá drengnum um það, hvar hann ætti heima, og ekki heldur, hver ætti hann. Drengurinn hafi verið mjög svangur og hafi hún gefið honum

að borða með börnunum og eftir það hafi hann sagt, að faðir sinn hétí Halldór Briem. Soffía kvaðst hafa vitað um tilveru Halldórs, en aldrei hafa heyrt, að stefnandi hefði hugsað illa um barnið sitt eða að það væri nein ástæða til þess, að hún reyndi ekki að hafa upp á honum til þess að láta hann hafa barnið. Soffía hafi síðan reynt að hafa upp á föður drengsins, en ekki tekist, en henni verið sagt, að skólastjórinn í Höfðaskóla hétí Magnús, og hafi hún leitað hann uppi. Soffía kvaðst hafa sagt skólastjóranum, að drengurinn væri hjá sér og hvort hann gæti gefið sér upp heimilisfangið hjá Halldóri, og hafi skólastjórinn sagt, að venjan væri sú, þegar þessi drengur væri á vergangi, þá væri hringt á lögregluna og hún látin sækja drenginn og hún látin fara með hann upp á Dalbraut. Soffía kvaðst hafa spurt skólastjóran, hver ætti að gera það, og þá hafi skólastjórinn sagt, „ég geri það“, og það hafi hann gert. Síðan hafi lögreglan komið og sótt þennan dreng, og síðan kvaðst Soffía ekki hafa séð hann og ekki einu sinni sonur sinn hafi séð hann.

Þá er vitnið Soffía Jónsdóttir var fyrir dómi, var borin undir hana lögregluskýrsla á dskj. 8. Soffía kvaðst hafa gefið skýrslu fyrir lögreglu 1. apríl 1976, og taldi hún skýrsluna rétta, að minnsta kosti í öllum aðalatriðum. Hún kvaðst hafa verið í mjög miklu uppnámi, þegar hún gaf þessa skýrslu, og því ekki tekið þetta kannski fram í eins miklum smáatriðum og hún hefði annars gert. Hún kvaðst vilja láta það koma fram, að það hefði verið Magnús skólastjóri, sem hringdi í lögregluna til þess að sækja barnið. Einnig vildi hún taka fram, að hún gæti alls ekki sagt um, hvort stefnandi hefði verið undir áhrifum lyfja eða þannig, en af því að maðurinn talaði oft svo ruglingslega, þá hafi henni alla vega ekki dottið í hug, að hann væri heilbrigður, af því að hún hafi margreynt að segja honum, hvernig málið var.

Byrjunin á hringingunum, eftir að drengurinn var sóttur heim til hennar, hafi verið, að kona hringdi í hana. Soffía kvaðst ekki muna, hvað konan sagðist heita, en hún hafi talað um það, að Soffía væri óþverri að senda barnaverndarnefnd á Halldór, eða eitthvað slíkt. Soffía kvaðst hafa sagt konunni, að hún hefði ekki gert það. Soffía sagði, að það væri mikill misskilningur, að hún hefði samband við Margréti Marinósdóttur, sú kona hafi einu sinni komið á heimili hennar.

Dómskjal nr. 20 er, eins og áður greinir, endurrit af hljóðrituðum samtölum, sem fram fóru á milli stefnanda og Soffíu Jónsdóttur svo og á milli stefnanda og Carls Eiríkssonar og sam-

ræðum þeirra tveggja við lögreglumenn, bæði fyrir utan Máva-hlíð 37 og á leið í lögreglubílnum, svo og samræðum þeirra við ýmsa lögreglumenn á lögreglustöðinni og að síðustu samræðum Carls Eiríkssonar við ýmsa lögreglumenn og fulltrúa lögreglustjóra. Fram er komið, að engu af þessu fólki var gert ljóst, að samræðurnar voru hljóðritaðar. Á endurriti þessu kemur fram, að ætlun þeirra stefnanda og Carls Eiríkssonar hafi verið að fá Soffíu Jónsdóttur til þess að viðurkenna eitthvað. Þar kemur einnig fram, að Soffía sagði við stefnanda, að hann væri búinn að koma að húsi hennar dag eftir dag, þessu lét stefnandi ómótmælt. Enn fremur óskaði Soffía Jónsdóttir eftir því, að stefnandi léti hús hennar í friði, og jafnframt sagði hún, að hún yrði ekkert með dreng hans þar. Enn fremur sagði hún, að það væri öruggt, að hún sendi hann heim, um leið og hann kæmi. Á bls. 3, dskj. 20, segir Soffía m. a., að hún sé margbúin að segja stefnanda, að hún vilji ekki hafa hann nálægt húsinu hjá sér. Stefnandi svarar því til, að þetta sé bara út af drengnum og því, sem hann hafi sagt, og þess vegna hafi hann verið að spyrja hana.

Á bls. 8 kemur fram, að þá stefnanda og Carl Eiríksson hafi grunað, að Soffía mundi kalla á lögregluna, og jafnframt, að þeim fyndist það allt í lagi. Á bls. 7—13 eru ruglingslegar samræður stefnanda og Carls Eiríkssonar við lögreglumenn. Á dskj. 9 og 10, sem eru skýrslur stefnanda, kemur fram, að stefnandi eða einhver með honum hefur í fleiri skipti hljóðritað samtöl, þ. á m. við eiginmann Soffíu Jónsdóttur.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi fljótlega kært til sakadóms Reykjavíkur ólögmæta handtöku og frelsis-skerðingu, sem hann hafi orðið fyrir 1. apríl 1976, og krafist rannsókna á málinu og jafnframt, að sér yrðu greiddar bætur fyrir hina ólöglegu felsisskerðingu. Stefnandi hafi engin úrslit fengið vegna kæru þessarar og hafi því lögmaður stefnanda ritað bréf til ríkissaksóknara 16. nóvember 1977 til þess að spyrjast fyrir um málið. Þessu bréfi hafi ríkissaksóknari svarað með bréfi, dags. 25. nóvember 1977, og þar vísað til ljósrits af bréfi embættis ríkissaksóknara, dags. 3. september 1976, til sakadóms Reykjavíkur. Í því bréfi komi fram, að ekki þyki efni til aðgerða af hálfu ákærvalds vegna máls þessa. Stefnandi heldur því fram, að fyrst með svarbréfi ríkissaksóknara til lögmanns

stefnanda 25. nóvember 1977 hafi stefnanda orðið kunnugt um, að ekkert yrði aðhafst frekar í málum hans af hálfu hins opinbera.

Þessi óréttmæta handtaka og varðhaldsvist hafi valdið stefnanda miklu hugarangri og hneisu og krefjist hann því miskabóta sér til handa úr hendi ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 400.000. Bótakrafan byggist á því, að stefnandi hafi sætt ólögsmætri handtöku 1. apríl 1976 og sex til sjö tíma gæslu í fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík í framhaldi af handtökunni. Beri ríkissjóði skv. 151. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 154. gr. sömu laga, svo og 264. gr. almennra hegningarlaga að greiða stefnanda bætur fyrir frelsisskerðingu þessa.

Krafa stefnanda sé eigi fyrnd skv. 157. gr. laga nr. 74/1974, þar sem eigi séu liðnir 6 mánuðir frá því að honum var kunnugt um endalok rannsóknar handtökumálsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að eins og málum var háttað, verði að telja handtökuna bæði eðlilega og réttlætalega starfsskyldu lögreglunnar og frelsisskerðinguna síst langvinnari en orð og æði stefnanda sjálfs hafi gefið tilefni til.

Um málavexti á handtökudegi verði í sjálfu sér ekki deilt. Hins vegar sé verulegur ágreiningur um aðdraganda handtökuunnar milli stefnanda og þess, er kærði hann og kvaddi lögregluna á vettvang að Mávahlið 37 í Reykjavík hinn 1. apríl 1976, Soffíu Jónsdóttur húsmóður, til heimilis þar á staðnum.

Soffía Jónsdóttir kveði sig hafa sætt miklu ónæði af völdum stefnanda á undangengnum tólf til fjórtán mánuðum fyrir handtökuna. Bæði hafi hann hringt til hennar og í sífellu komið að heimili hennar og hringt þar dyrasíma. Hafi hann iðulega borið hana þeim röngu sökum, að hún skyti kjólshúsi yfir ellefu ára gamlan og þroskaheftan son hans, Sturlu, í algeru heimildarleysi, og leyndi því. Drenginn kveði hún ekki hafa komið á heimili sitt utan einu sinni í febrúar 1975. Þá hafi hann komið þar með syni hennar, blautur og illa til reika, en hún veitt honum aðhlynningu og strax látið skólastjóra Höfðaskóla vita um afdrif hans, en hann bent henni á að gera lögreglunni aðvart. Hún kveðst jafnan hafa talið stefnanda undarlegan í háttum, jafnvel geðveikan eða undir áhrifum einhverra lyfja. Hann hafi nánast ofsótt sig með símhringingum og alls kyns rugli og hafi hún mjög verið farin að óttast hann auk þess sem þetta allt hafi haft mjög slæm áhrif á börn hennar og eiginmaður hlotið af ónæði.

Stefnandi neiti því hins vegar að hafa valdið Soffíu Jónsdótt-

ur nokkru ónæði að ástæðulausu. Hann hafi talið, að sonur sinn leitaði mjög til hennar og hún einlægt falið barnið fyrir sér af illgirnissökum. Sambands við Soffíu Jónsdóttur hafi hann því ekki leitað, nema til þess að grennslast fyrir um dvalarstað sonar síns, og aldrei sýnt nema fyllstu kurteisi, þótt hann hafi óttast um afdrif hans í húsum hennar.

Ljóst sé af málavöxtum öllum, að bótaskilyrði bresti algerlega að lögum. Lögreglunni hafi verið bæði rétt og skylt að sinna kvaðningu Soffíu Jónsdóttur 1. apríl 1976 og fjarlægja stefnanda frá heimili hennar að Mávahlíð 37. Þetta hafi síður en svo verið í fyrsta skipti sem lögregla hafi verið kvódd að Mávahlíð 37 til þess að fjarlægja stefnanda frá heimili Soffíu Jónsdóttur, en stefnandi muni ævinlega hafa komist undan afskiptum lögreglunnar. Framkoma og háttarlag stefnanda hafi gefið lögreglu fullt tilefni til þess að halda honum í umsjá sinni svo lengi sem raun bar vitni, áður en hann hafi verið fenginn rannsóknarlögreglunni til skýrslugjafar. Þá hafi áburður Soffíu Jónsdóttur um ofsóknir stefnanda á hendur sér verið svo alvarlegur, að brýna nauðsyn hafi borið til gaumgæfilegrar athugunar, m. a. skýrslutöku af Soffíu sjálfri, áður en stefnandi yrði yfirheyrður og látinn laus. Lögreglu hafi ekki tekist á fyrsta stigi að fá nokkurt samhengi í framburð stefnanda og hafi haft ríka ástæðu til að ætla, að hann væri undir einhvers konar áhrifum lyfja eða annars eða a. m. k. ekki í sem bestu andlegu jafnvægi.

Um raunverulegan miska hafi ekki verið að ræða í þessu tilviki, enda hafi stefnandi sjálfur gefið fullt tilefni til þessara löggæsluaðgerða. Raunar megí segja, að óverjandi hefði verið af lögreglu að taka þetta mál öðrum og mildari tókum á þessari stundu.

IV.

Álit dómsins.

Ágreiningur er með málsaðiljum um aðdraganda þess, að stefnandi var tekinn í vörslu lögreglunnar 1. apríl 1976. Fram þykir komið, að stefnandi hafi valdið Soffíu Jónsdóttur töluverðu ónæði, og styðst sú skoðun m. a. við dskj. 20, sem stefnandi hefur sjálfur lagt fram. Telja verður, að lögreglumönnum hafi verið rétt og kylt að fjarlægja stefnanda frá Mávahlíð 37 og jafnframt að yfirheyra hann svo og taka skýrslur af Soffíu Jónsdóttur varðandi mál þetta.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að honum

hafi verið haldið á annan klukkutíma í einangrunarklefa og jafnframt að honum hafi verið bannað að hafa símasamband við aðilja utan fangageymslunnar. Eins og málið er vaxið, þykja ekki hafa verið efni til svo harkalegra aðgerða af hálfu lögreglunnar.

Í lögregluskýrslunni á dskj. 3 kemur fram, að hringt var á lögreglustöðina kl. 1008, á dskj. 7 kemur fram, að kl. 1700 kom stefnandi á skrifstofu Matthíasar M. Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns vegna atvika þeirra, er málið er af risið, og verður því við það miðað, að frelsisskerðing stefnanda hafi staðið a. m. k. 7 klst. Ósannað er, að þörf hafi verið á svo langri frelsissviptingu. Stefnandi verður því talinn eiga rétt á bótum skv. 151. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 154. gr. sömu laga. Við ákvörðun þeirra ber að taka tillit til aðdraganda handtökunnar, og þykja fébætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000 með vöxtum, eins og krafist var.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar, kr. 96.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Halldóri Þ. Briem, kr. 60.000 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 96.000.

Framangreindar fjárhæðir greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.